

## Fundargerð 201. fundar stjórnar Framkvæmdasjóðs ferðamannastaða.

Fjarfundur haldinn fimmtudaginn 30.04 2020 kl. 14:00.

Viðstaddir: Halldór Eiríksson formaður, Pétur Óskarsson og Dagný Arnarsdóttir.

Frá FMS: Guðrún Dóra Brynjólfssdóttir og Snorri Valsson.

Fjarverandi: Þórdís Lóa Þórhallsdóttir

### Dagskrá:

1. Fundargerðir 195, 196, 197, 198, 199 og 200.  
Undirritun frestað í ljósi aðstæðna.
2. 200 m.kr. viðbótarframlag til Framkvæmdasjóðs ferðamannastaða.  
Allir samningar hafa verið gerðir við styrkþega.
3. Farið var yfir bókun sem Framkvæmdasjóðnum barst frá stjórn SSNV þann 17. apríl. Bókunin var gerð á 54. fundi þeirra þann 7. apríl 2020 þar sem óskað var eftir yfirliti yfir umsóknir sem sjóðnum hafa borist frá einstaklingum, fyrirtækjum og sveitarfélögum á Norðurlandi vestra sl. 5 ár.  
Verið er að taka þessar upplýsingar saman og þær verða sendar þeim á næstu dögum.
4. Stjórnin hefur ákveðið að fara í ferð um miðjan maí á Norðurland Vestra. Drög að ferðaáætlun verður útbúin og send stjórn í næstu viku.
5. Á Alþingi var lagt var fram lagafrumvarp er varðar FF (markmið og hlutverk). Lagt er til að gildissviði laga nr. 75/2011 verði breytt þannig að auk fyrri markmiða geti Framkvæmdasjóður ferðamannastaða stutt við markmið um að stuðla að jafnari dreifingu ferðamanna um landið og einnig stutt svæðisbundna þróun á vegum sveitarfélaga og einkaaðila. Enn fremur er lagt til að unnt verði að fá fjármagn úr sjóðnum til framkvæmda við ferðamannaleiðir, þ.e. gönguleið, reiðleið eða reiðhjólástíg. Lagðar eru til breytingar á ákvæði laganna um styrkhæf verkefni og er þeim ætlað að afmarka nánar hvaða framkvæmdir það eru sem heimilt er að fjármagna með fé úr sjóðnum. Lagt er til að afdráttarlaust verði að framkvæmdir á landsáætlun um uppbyggingu innviða til verndar náttúru og menningarsögulegum minjum séu ekki styrkhæfar úr Framkvæmdasjóði ferðamannastaða.  
Í ljósi þessa þarf að skoða umsóknareyðublað og gæðamatsblað.

Næsti fundur:

14. maí 2020

Fundi slitið kl. 15:00

Fundargerð ritaði: Guðrún Dóra Brynjólfsdóttir

Undirskriftir stjórnarmanna

Three handwritten signatures in blue ink are stacked vertically. The top signature is the most legible, appearing to be 'Magn'. The middle signature is more stylized and partially obscured. The bottom signature is also stylized and partially obscured.